

Menntaskólinn á Akureyri

**Kjörsviðsval í 2. bekk á
tungumála- og
félagsgreinasviði**

Skólaárið 2011 – 2012

Haustönn 2011

Tungumála og félagsgreinasvið

2. bekkur - val á kjörsviði

Nafn: _____ Bekkur: _____

Nemendur á tungumála- og félagsgreinasviði velja eitt **kjörsvið (4 áfangar)** og **tvær línur (3 áfangar hvor lína)**. Ef til vill verður raðað í bekki eftir kjörsviðum.

Kenndar verða þær greinar sem flestir velja.

Krossaðu við það kjörsvið sem þú kýst helst

Félagsfræðikjörsvið

Sögu- og heimspekikjörsvið

Sálfræði- og uppeldisfræðikjörsvið

Tungumálakjörsvið

Tungumála og félagsgreinasvið

2. bekkur - val á tveimur línur

Nemendur á tungumála- og félagsgreinasviði velja **tvær línur (3 áfangar hvor lína)**.

Athugaðu eftirfarandi:

- Ef ef þú valdir sálfræðikjörsvið getur þú ekki valið sálfræðilínu.
- Ef þú valdir félagsfræðikjörsvið getur þú ekki valið fjölmiðla- og stjórnmalalínu.
- Ef þú valdir sögukjörsvið getur þú ekki valið sögulínu.
- Frönskulínan er fyrir þá nemendur sem völdu þýsku sem þriðja tungumál.
- Þýskulínan er fyrir nemendur sem völdu frönsku sem þriðja tungumál.

Kenndar verða þær línur sem flestir velja

Krossaðu við tvær línur sem þú kýst helst

- Ferðamálafræðilína**
- Fjölmiðla- og stjórnmalalína**
- Frönskulína**
- Hagfræðilína**
- Heilbrigðislína**
- Íslenskulína**
- Lista- og menningarlína**
- Sálfræðilína**
- Spænskulína**
- Sögulína**
- Þýskulína**

Kjörsvið (fjórir áfangar) - veldu eitt

Félagsfræðikjörsvið

1. FÉL3B05 Stjórn málafræði

Á hverjum degi eru átök og árekstrar á milli hópa sem vilja hafa áhrif á samfélagið. Sumt er okkur sýnilegt og birtist m.a. í fjölmiðlum en annað er undir yfirborðinu. Í valdinu er falin getan til að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem hóparnir hafa um samfélagið og hvernig það á að virka meðal annars gagnvart þér. Hvað átt þú, hvað mátt þú og hvað mátt þú ekki? Er það annarra að ákveða og okkar að hlýða? Í áfanganum lærir þú um þennan heim, um helstu átakasvæðin og helstu hugmyndirnar. Þú munt skilja möguleikana sem þú hefur til að hafa áhrif. Hugtök eins og hægri og vinstri, íhald og jafnaðarstefna verða þér ljós. Þú áttar þig á hver munurinn er á helstu straumum og stefnum stjórnmálanna, t.d. stefnu Sjálfstæðismanna og Samfylkingarmanna. Það sem er efst á baugi hverju sinni mun hafa áhrif á efnistöð áfangans. Áhugasamir nemendur geta sveigt námsefnið að áhuga sínum því áhersla er lögð á skoðanamyndun nemandans, hann læri og þjálfist í að tjá sig. Stjórnmalamenn koma í heimsókn og vettvangsheimsóknir eru hluti af áfanganum.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

2. HKF3B05 Heimspækisaga og kenningar félagsvísinda

Í þessum áfanga verður lögð áhersla ítarlegar þælingar og um ræður um nokkur meginstef heimspékkinn frá tilurð hennar í Grikklandi um það bil 600 f. Kr. og fram á okkar daga, einkum á sviði frumspeki og þekkingarfræði. Auk þess verður fjallað um upphaf félagsvísinda og sálfræði og helstu kenningar þeirra fræða. Höfuðsnillingar heimspékisögunnar og félagsvísinda verða í forgrunni. Meira verður lagt upp úr nákvæmum skilningi á einstökum kenningum og frjóum samræðum en hundavaðsfróðleik og mikilli yfirferð. Engu að síður fái nemendur heildarsýn yfir útlínur heimspékisögunnar, samhengi og rof, frá upphafi til nútíma. Nemendur skrifa ritgerð í þessum áfanga.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

3. FÉL3A05 Afbrotufræði

Meginefni áfangans er tvíþætt. Í fyrri hluta áfangans er heimur afbrota og frávik krufinn, fjallað um kenningar um frávik, tegundir afbrota og refsinga, áhrif kyns og stöðu á frávik, o.fl. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér gagnrýnið sjónarhorn, hvort sem kastljósið beinist að umfjöllun fjölmiðla um afbrot, opinberri tölfræði eða öðrum viðfangsefnum afbrotufræðinnar. Í síðari hluta áfangans velur kennari í samráði við nemendur annað viðfangsefni til þess að taka fyrir. Þetta viðfangsefni getur verið af margvíslegum toga, lagskipting, heilsufélagsfræði, þróunarlönd, fjölmiðlar o.s.frv., allt eftir áhuga nemenda og kennara. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur þjálfist enn frekar í heimildavinnu og öðlist grunnreynslu í eigindlegri rannsóknaraðferð.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

4. LOK4A05 Lokaverkefni

Í þessum áfanga vinna nemendur að einu stóru rannsóknarverkefni að eigin vali. Viðfangsefnið verða að tengjast einstaklingnum og/eða samfélaginu. Nemendur ákveða sjálfir viðfangsefni í samráði við kennara og í lok annar gera nemendur ítarlega grein fyrir verkefnum sínum. Áfanganum er ætlað að skerpa undirbúning nemenda fyrir háskólanám, sérstaklega hvað varðar verklega leikni og hæfni til að afla áreiðanlegra gagna, vinna úr þeim og koma niðurstöðum sínum á framfæri. Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að draga saman reynslu og fyrra nám í verkefnavinnu sinni. Nemendur þurfa að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, virkni, frumkvæði og

þjálfra skipulagshæfileika sína, enda skipuleggja þeir vinnu sína undir almennri verkstjórn kennara. Gott tækifæri gefst til sérhæfðar þekkingaröflunar og þjálfunar í aðferðafræði félagsvísindanna.

Námsmat: Stórt lokaverkefni og önnur smærri verkefni yfir önnina.

Sögu- og heimspekikjörsvið

1. SAG 3A050 Menningar- og hugmyndasaga

Í áfanganum eru raktir helstu þættirnir í hinni samfelldu sögu menningar og hugmynda á Vesturlöndum. Ljós verður varpað á ólík menningarsamfélög á hinum ýmsum tímum og áhrif þeirra á nútímasamfélög skoðuð. Þar sem viðfangsefnið í heild sinni er umfangsmikið og margbrotið, verða valin svið innan sögunnar og á þau lögð sérstök áhersla. Þessi svið eru: Í fyrsta lagi klassísk menning Grikkja og Rómverja. Í öðru lagi miðaldamenning og kristindómur. Í þriðja lagi upplýsingin. Í fjórða lagi nútímamenning.

Námsmat: Gert er ráð fyrir umfangsmiklu símati í formi ritgerða, fyrirlestra og verkefna af ýmsu tagi á önninni, auk lokaprófs við annarlök.

2. HKF3B050 Heimspekisaga og kenningar félagsvísinda

Í þessum áfanga verður lögð áhersla á ítarlegar pælingar og umræður um nokkur meginstef heimspekinnar frá tilurð hennar í Grikklandi um það bil 600 f. Kr. og fram á okkar daga, einkum á sviði frumspeki og þekkingarfræði. Auk þess verður fjallað um upphaf félagsvísinda og sálfræði og helstu kenningar þeirra fræða. Höfuðsnillingar heimspekisögunnar og félagsvísinda verða í forgrunni. Meira verður lagt upp úr nákvæmum skilningi á einstökum kenningum og frjóum samræðum en hundavaðsfróðleik og mikilli yfirferð. Engu að síður fái nemendur heildarsýn yfir útlínur heimspekisögunnar, samhengi og rof, frá upphafi til nútíma. Nemendur skrifa ritgerð í þessum áfanga.

Námsmat: Skriflegt/munnlegt lokapróf 70% af einkunn; ritgerð og verkefni á önn 30%.

3. HSP3C050 Rökfræði og fagurfræði

Stefnt er að því í þessum áfanga að nemendur öðlist skilning á fáeinum frumhugtökum heimspekilegra fræða, svo sem rökum, sannindum, ályktunum, skilgreiningum og þekkingu. Áhersla er lögð á rökfræði daglegs máls og greiningu hugtaka. Nemendur vinna að fjölmörgum rökfræðiverkefnum og dæmum. Fagurfræði er kynnt til sögunnar og fjallað um hlutverk ólíkra kenninga í listskilningi og túlkun listaverka. Lögð verður áhersla á skipulagðar rökræður með frummælendum og andmælendum. Að lokum kynnast nemendur ýmsum kenningum vísindaheimspekinnar um hlutverk, eðli, flokkun og aðferðir vísindanna.

Námsmat: Lokapróf gildir 70% af einkunn; fyrirlestrar, andmæli og verkefnavinna gilda 30%.

4. SAG4A050 - Lokaverkefni

Efni áfangans er tvískipt. Í fyrsta lagi skal nemandinn hafa greinargóða þekkingu á hinum samfellda sögulega tíma og orsakasamhengi breytinga og þróunar. Í öðru lagi skal nemandinn geta útskýrt og sett í sögulegt samhengi a.m.k. tvö af þeim efnum sem hæst ber í umræðu síðustu ára. Hér er um að ræða áfanga þar sem reynir verulega á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, enda er verkefnaval að hluta til ákveðið í samvinnu kennara og nemanda.

Námsmat:

1. Munnlegt yfirlitspróf úr mannkynssögu og Íslandssögu, 50%.
2. Ritgerð þar sem nemandinn tekur til umfjöllunar efni úr samtímanum,- kryfur, grefst fyrir um sögulegar rætur og sögulegt samhengi. Ritgerðin skal að mestu leyti uppfylla þær kröfur sem gerðar eru á háskólastigi varðandi innihald og vinnubrögð, 50%.

Sálfræði og uppeldisfræðikjörsvið

1. SÁL3A050

Í þessum áfanga kynnast nemendur fræðigreinininni sálfræði með hliðsjón af vitsmunaprofna barna og unglunga. Megináhersla er á þróun greinarinnar á tuttugustu öldinni og til okkar daga. Kynntar verða aðferðir í rannsóknum bæði bóklega og verklega. Farið verður í helstu kenningarkerfi innan sálfræðinnar eins og sálgreiningu, atferlisstefnu, hugfræði, mannhyggju og samfélagsmenningarlegt viðhorf. Einnig verða nokkrum viðfangsefnum þroskasálfræðinnar gerð skil svo sem máltöku, geðtengslum, siðgæðisþroska, greindarþroska og þróun sjálfsmýndar.

Námsmat: Próf, ritgerð, rannsókn og ástundun.

2. HKF3B050 – Heimspækisaga og kenningar félagsvísinda

Í þessum áfanga verður lögð áhersla á ítarlegar pælingar og umræður um nokkur meginstef heimspékkinnar frá tilurð hennar í Grikklandi um það bil 600 f. Kr. og fram á okkar daga, einkum á sviði frumspeki og þekkingarfræði. Auk þess verður fjallað um upphaf félagsvísinda og sálfræði og helstu kenningar þeirra fræða. Höfuðsnillingar heimspékisögunnar og félagsvísinda verða í forgrunni. Meira verður lagt upp úr nákvæmum skilningi á einstökum kenningum og frjóum samræðum en hundavaðsfróðleik og mikilli yfirferð. Engu að síður fái nemendur heildarsýn yfir útlínur heimspékisögunnar, samhengi og rof, frá upphafi til nútíma. Nemendur skrifa ritgerð í þessum áfanga.

Námsmat: Skriflegt/munnlegt lokapróf 70% af einkunn; ritgerð og verkefni á önn 30%.

3. UPP3A05

Í þessum áfanga er lögð áhersla á börn og unglunga og þá þætti sem hafa áhrif á þroska þeirra, mótun og aðstæður. Má þar nefna áhrif kynferðis, fjölmiðla, heimilisaðstæðna og annarra utanaðkomandi þátta. Börn verja miklum tíma innan skólakerfisins og því verður sjónum sérstaklega beint að markmiðum skólasterfs og álitamála þar að lútandi. Fjallað verður um þætti eins og einelti, ofbeldi gagnvart börnum, barnavernd og hjónaskilnaði.

Námsmat: Verkefnavinna.

4. LOK4A05 Lokaverkefni

Í þessum áfanga vinna nemendur að einu stóru rannsóknarverkefni að eigin vali. Viðfangsefnið verða að tengjast einstaklingnum og/eða samfélaginu. Nemendur ákveða sjálfir viðfangsefni í samráði við kennara og í lok annar gera nemendur ítarlega grein fyrir verkefnum sínum.

Áfanganum er ætlað að skerpa undirbúning nemenda fyrir háskólanám, sérstaklega hvað varðar verklega leikni og hæfni til að afla áreiðanlegra gagna, vinna úr þeim og koma niðurstöðum sínum á framfæri. Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að draga saman reynslu og fyrra nám í verkefnavinnu sinni. Nemendur þurfa að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, virkni, frumkvæði og þjálf skipulagshæfileika sína, enda skipuleggja þeir vinnu sína undir almennri verkstjórn kennara. Gott tækifæri gefst til sérhæfðar þekkingaröflunar og þjálfunar í aðferðafræði félagsvísindanna.

Námsmat: Stórt lokaverkefni og önnur smærri verkefni yfir önnina.

Tungumálakjörsvið

1. TUN2A05 Tungumál – tal og tónar (4 tímar franska/þýska, 2 tímar hljóðfræði)

Í þessum áfanga þjálfast nemendur áfram í þriðja tungumáli auk þess sem þeir fá sérstaka þjálfun í hljóðmyndun í tali og tónum í þeim tungumálum sem þeir hafa lært.

Í þriðja máli (frönsku/þýsku) verður megináhersla lögð á samskipti, þ.e. tal og hlustun. Unnið verður ítarlegar jafnt í töluðu máli sem rituðu með þann orðaforða sem nemendur hafa tileinkað sér. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði við verkefnaval, vinnubrögð og verkefnaskil.

Í hljóðfræðihluta áfangans verða algengustu tákni IPA-hljóðritunarkerfisins kynnt. Farið er lauslega yfir helstu flokka máhljóða og dæmi tekin úr íslensku og þeim erlendu málum sem við eiga hverju sinni. Notuð verða raunveruleg hljóðdæmi á mismunandi tungumálum og mállýskum. Tónlist og söngur verða nýtt til að æfa hljóðskyn og hlustun, m.a. mismunandi framburð. Nemendur æfa hljóðritun og lestur hljóðritaðra texta.

Fjölbreytt **námsmat** en áfanganum lýkur með skriflegu prófi. 50% próf, 50% vinna á önninni.

2. TUN3A050 Tungumál - menning og saga (2 tímar franska/þýska, 4 tímar menning og saga)

Meginþemu áfangans eru kvikmyndir, matarhefðir, listasaga, tónlist og landafræði. Áfanginn byggist upp á nokkrum þematengdum lotum og fá nemendur innsýn og aukinn skilning á listum og menningu Evrópuþjóða. Áhersla er lögð á að nemendur verði læsir á menningu. Gestir frá ýmsum þjóðum heimsækja nemendur í áfanganum til fræða þá um menningu og siði í sínu heimalandi. Viðfangsefnin eru valin í samráði við kennara eftir áhugasviði nemenda. Færniþáttum í frönsku/þýsku er fléttað saman við menningu og sögu landanna.

Lögð er áhersla á rétta uppsetningu ritunarverkefna, unnið með framsetningu í ræðu og riti og unnið með bókmenntaverk.

Námsmat mun byggja á símati.

3. TUN3B050 Tungumál - Evrópa og tungumálin (2 tímar franska/þýska, 4 tímar Evrópa og tungumálin)

Tungumálin í Evrópu, fjölbreyttni þeirra og skyldleiki verða í öndvegi í þessum áfanga. Skoðuð verður þróun tungumála í dag og hvert þau stefna í ljósi sögunnar.

Saga, merking og ferðalag orðanna um Evrópu verða í brennidepli. Borin verða saman þau tungumál sem nemendur hafa lært en sérstök áhersla lögð á íslensku og þriðja tungumál.

Nemendur vinna að skapandi og hagnýtum verkefnum í samræmi við áhugasvið sitt.

Námsmat byggir á verkefnavinnu og þekkingarprófum.

4. TUN3C05 Tungumál - nesti og nýir skór

Í þessum lokaáfanga tungumálalínunnar liggur allt tungumálanám nemenda til grundvallar við val á viðfangsefnum en nemandi ræður að mestu hvaða tungumál hann vill leggja áherslu á. Nemendur vinna stórt lokaverkefni að eigin vali. Afraksturinn gæti verið útvarpsþáttur, heimildamynd, barnabók, teiknimyndasaga, margmiðlunarefni, rannsókn o.fl. Til að búa nemendur undir lokaverkefnið koma ýmsir gestir, s.s. rithöfundur, grafískur hönnuður, fjölmiðlamaður, fræðimaður og þýðandi. Áfanganum lýkur með nemendaráðstefnu þar sem lokaverkefnið er kynnt.

Hluti áfangans er helgaður yndislestri annarsvegar og þýðingum hinsvegar. Nemendur lesa kjörbækur á íslensku og erlendum málum, fá þjálfun í að miðla upplýsingum, skrifa hagnýtan texta og flytja erindi áheyrilega.

Námsmat byggir að stórum hluta á lokaverkefni (60%) en auk þess á yndislestri, þýðingum og virkni nemenda.

Kjörsviðslínur (3 áfangar) - veldu tvær

Ferðamálafræðilína

Að hámarki verða teknir 25 nemendur inn á línuna og nemendur sem hafa lokið TUN2A05 njóta forgangs við innritun. Nemendur þurfa ekki að kaupa kennslugögn en þurfa þess í stað að greiða ákveðna upphæð á hverri önn til þess að standa straum af kostnaði við ferðalag í lokaáfanganum.

1. FER2A05 Saga og menning

Í áfanganum verður fjallað um ferðamennsku ungs fólks, menningu, sögu, landafræði og náttúru Norðurlands og hvernig megi laða innlenda og erlenda ferðamenn hingað. Farið verður í undirstöðuþætti miðlunar á kynningarefni og unnið munnlega og skriflega að verkefnum á öllum þeim tungumálum sem nemandinn lærir í skólanum eða hefur á valdi sínu. Unnið er með texta og myndir í hópverkefnum og einstaklingsverkefnum og nemendur fara styttri vettvangsferðir og spreyta sig á leiðsögn á heimaslóðum.

Námsmat: Ekkert próf er í lok áfangans. Nemendur vinna mikið til í hópum að stærri verkefnum sem gilda til lokaeinkunnar. Símat er verulegur hluti námsmatsins og byggir á kennaraeinkunn, sjálfsmati nemenda og jafningjamati. Kennaramat kemur fram meðal annars í mati á vikulegum vinnuskýrslum og sýnilegri virkni og framlagi nemandans.

2. FER3A050 Landafræði og náttúra

Í áfanganum verður fjallað almennt um ferðaþjónustu innanlands og uppbyggingu hennar. Rætt verður um helstu starfsgreinar innan ferðaþjónustunnar og fengnir fyrirlesarar sem fjalla um afmörkuð efni. Sjónum verður beint að Íslandi öllu með höfuðáherslu á Norðurland. Í þessum áfanga er fyrst og fremst unnið með landafræði og náttúru svæðisins með ferðamennsku og möguleika innlendra sem erlendra ferðamanna að leiðarljósi. Saga og menning landsins fléttast einnig inn í viðfangsefnið og unnið er á öllum þeim tungumálum sem nemandinn lærir í skólanum eða hefur tök á.

Námsmat: Ekkert próf er í lok áfangans. Nemendur vinna mikið til í hópum að stærri verkefnum sem gilda til lokaeinkunnar. Símat er verulegur hluti námsmatsins og byggir á kennaraeinkunn, sjálfsmati nemenda og jafningjamati. Kennaramat kemur fram meðal annars í mati á vikulegum vinnuskýrslum og sýnilegri virkni og framlagi nemandans.

3. FER3B050 Til annarra landa

Í áfanganum verður nemendum úthlutað erlendum borgum sem þeir munu vinna með. Skulu nemendur leitast við að skoða bæði jákvæða og neikvæða þætti ferðaþjónustunnar í viðkomandi borg með að það markmiði að gerast verkstjóri í vinnuferð til viðkomandi borgar. Í þessu áfanga verður unnið með ýmis lönd í Evrópu og unnið með þau tungumál sem nemendur hafa lært. Nemendur fara til nokkurra borganna og safna heimildum sem síðar verða notaðar til að gera myndband og annað kynningarefni um borgina.

Námsmat: Ekkert próf er í lok áfangans. Nemendur vinna hluta annarinnar í hópum að stóru verkefni sem gilda til lokaeinkunnar. Símat er verulegur hluti námsmatsins og byggir á kennaraeinkunn, sjálfsmati nemenda og jafningjamati. Kennaramat kemur fram meðal annars í mati á vikulegum vinnuskýrslum og sýnilegri virkni og framlagi nemandans.

Fjölmiðla- og stjórnmálalína

1. FJÖ3A050 Miðlalæsi

Á hverjum degi dynja á okkur alls kyns skilaboð frá fjölmiðlum og í áfanganum ætlum við að kafa undir yfirborðið, velta þessum boðum fyrir okkur, hvernig við túlkum þau og hvaða áhrif þau hafa á okkur. Nýir miðlar hafa rutt sér til rúms og gjörbreytt þeim aðferðum sem beita má við að miðla efni og afla sér þekkingar og verður aðaláherslan í áfanganum á nýjustu miðlana, einkum netmiðlana - bæði á jákvæða og neikvæða þætti. Beyonce, Skrillex, Snoop Dogg, Rihanna, Glee, jólin, fitness, emo, The secret, Lion King, The Twilight, Youtube, Facebook, Google+, Ted, tölvupóstur, sms, Skype, rafbækur, klám, mbl, einkamál, barnaland, Call of Duty, Sims, Halo, Move Fitness, Need for Speed o.s.frv. Að vera læs á hin margvíslegu boð nútímamiðlunar eykur skilning okkar á samfélaginu og þar með hæfni okkar í flóknum samskiptum nútímans.

Námsmat: Verkefnavinna fyrst og fremst og hugsanlega lokapróf (ákv. í samráði við nemendur).

2. FÉL3B05 Stjórnmálafræði

Á hverjum degi eru átök og árekstrar á milli hópa sem vilja hafa áhrif á samfélagið. Sumt er okkur sýnilegt og birtist m.a. í fjölmiðlum en annað er undir yfirborðinu. Í valdinu er falin getan til að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum sem hóparnir hafa um samfélagið og hvernig það á að virka meðal annars gagnvart þér. Hvað átt þú, hvað mátt þú og hvað mátt þú ekki? Er það annarra að ákveða og okkar að hlýða? Þetta dýrmæta vald er til í ýmsum myndum og á meðal uppsprettu í þér þegar þú gengur á kjördegi til kosninga. Það er mikilvægt að skilja þessa hlið samfélagsins því hún hefur áhrif á allt þitt líf. Í áfanganum lærir þú um þennan heim, um helstu átakasvæðin og helstu hugmyndirnar. Þú munt skilja möguleikana sem þú hefur til að hafa áhrif. Hugtök eins og hægri og vinstri, íhald og jafnaðarstefna verða þér ljós. Þú áttar þig á hver munurinn er á helstu straumum og stefnum stjórnmálanna, t.d. stefnu Sjálfstæðismanna og Samfylkingarmanna. Það sem er efst á baugi hverju sinni mun hafa áhrif á efnistöð áfangans. Áhugasamir nemendur geta sveigt námsefnið að áhuga sínum því áhersla er lögð á skoðanamyndun nemandans, hann læri og þjálfist í að tjá sig. Stjórnmálamenn koma í heimsókn og vettvangsheimsóknir eru hluti af áfanganum.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

3. ÞRÓ3A050 Þróunarlönd

Lagt er upp með að nemendur kynnist umræðunni í tengslum við rík og fátæk lönd, norður/suður, þróuð og vanþróuð. Nemendur munu skoða og kynna sér ólíka menningu þróunarlanda og átta sig á margbreytileika samfélaga sem tilheyra suðrinu. Fjallað verður um ólíkar stofnanir sem sinna þróunaraðstoð eins og Rauða krossinn, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri samtök.

Nemendur vinna verkefni þar sem þeir kynna sér ólík þróunarlönd, réttindabaráttu fólks í þróunarlöndum og féлага- og hagsmunasamtök tengt viðfangsefninu. Einnig munu nemendur vinna markvisst að hugmyndum sem fela í sér að grípa til eigin aðgerða til að breyta ástandinu.

Horft verður á kvikmyndir og fengnir gestafyrirlesarar. Það er mikilvægt að nemendur séu virkir í tímum og að þeir leggi til viðfangsefni sem verða tekin fyrir í tímum.

Námsmat: Verkefni og lokapróf.

Frönskulína (fyrir nemendur sem völdu þýsku sem þriðja erlenda tungumál)

1. FRA1A050

Með frönskukunnáttu opnast margar dyr og innsýn í hrifandi rómanskan menningarheim. Í þessum upphafsáfanga verður farið í undirstöðuatriði franskrar tungu. Nemendur eru æfðir í að hlusta, tala, lesa og skrifa. Farið verður í framburð og er þeim þætti sinnt með hlustun og talæfingum.

Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða sem tengist nemandanum og hans nánasta umhverfi. Auk

kennslu í tungumálinu er varpað ljósi á þætti sem tengjast frönskumælandi þjóðum og menningu þeirra í gegnum tónlist og ýmis konar myndefni.

Námsmat: Lokapróf 50%, vinna og verkefni á önninni 50%.

2. FRA1B050

Helsta viðfangsefni þessa áfanga er að þjálfa nemendur í einföldum samræðum og tjáningu á frönsku s.s. að spyrja, vísa til vegar, versla og mæla sér mót. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist öryggi í tjáningu og framburði auk þess sem gerðar eru auknar kröfur til sjálfstæðra vinnubragða nemandans. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu frönskumælandi landa.

Námsmat: Lokapróf 50%, vinna og verkefni á önninni 50%.

3. FRA1C050

Nemendur fást við fjölbreyttara og meira skapandi efni en áður. Þar má meðal annars nefna; frægt fólk, tónlist, myndlist, kvikmyndir, landkynningar og útbreiðsla frönskunnar (Francophonie).

Viðfangsefnin eru valin í samráði við kennara og eftir áhugasviði nemenda hverju sinni. Verkefni geta einstaklingsverkefni eða unnin með öðrum nemendum.

Verkefnaskil geta verið eftir samkomulagi kennara og nemenda, skrifleg og/eða munnleg. Þjálfun í hlustun tali, lestri og ritun sem tengjast ofangreindum viðfangsefnum. Lögð er áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsmat: Verkefnavinna og lokapróf.

Hagfræðilína

1. HAG2A050 Rekstrarhagfræði

Í áfanganum er hagfræðin almennt til umfjöllunar með áherslu á rekstrarhagfræði. Meðal annars verður fjallað um hvernig fólk tekur ákvarðanir um fjármál sín, áhrif viðskipta á fólk, hlutverk hagfræðinga, sérhæfingu í framleiðslu, framboð og eftirspurn, viðskipti milli landa, verðbólgu, skatta, tolla o.fl. Mögulega verða fyrirtæki heimsótt eða góðir aðilar fengnir í heimsókn.

Tímar verða í formi fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.

Námsmat: verkefni, próf og mögulega fleira.

2. HAG3A050 Þjóðhagfræði

Áfanginn snýr að þjóðhagfræði þar sem hagkerfið sem heild er til skoðunar. Daglega dynja á okkur fréttir um stöðu og starfsemi þjóðarbúsins og um þau öfl sem hafa áhrif á efnahagsþróun landsins.

Fjallað verður um landsframleiðslu, verðbólgu, atvinnuleysi, hagvöxt, sparnað og fjárfestingu, hvernig þessi atriði eru mæld og hvaða upplýsingar felast í þeim. Eru þetta hentugir mælikvarðar til að bera saman ástand í mismunandi löndum? Hvers vegna er ekki hægt að bera saman verð frá 1970 og verð í dag? Hver er munurinn á raunstærðum og nafnstærðum? Stjórn málin verða skoðuð í tengslum við efni áfangans því þau hafa áhrif á þróun þeirra atriða sem nefnd hafa verið. Þá verður fjallað um hlutverk og mikilvægi peninga og einnig um myntsvæði eins og hið evrópska (evran).

Mögulega verða fyrirtæki heimsótt eða góðir aðilar fengnir í heimsókn til að ræða um málefni Íslands, Akureyrar og/eða ESB.

Tímar verða í formi fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.

Námsmat: verkefni, próf og mögulega fleira.

3. HAG3B050 Opinberi geirinn og markaðurinn

Í áfanganum verða teknir fyrir þrjú þættir, opinberi geirinn, hegðun fyrirtækja eftir markaðsformi og vinnumarkaðshagfræði. Í hagfræði hins opinbera verður fjallað um hverskonar vörur/þjónustu hið opinbera veitir og hversvegna. Þar má nefna vegakerfi, heilbrigðisþjónustu og skólakerfi. Hið opinbera ákveður einnig hvernig skattlagningu er háttað og þarf að velja á milli hagkvæmni og jöfnuðar. Fjallað verður meðal annars um markaðsformin samkeppni, fákeppni og einokun og hvernig fyrirtæki geta hegðað sér á mismunandi hátt eftir markaðsformi. Í vinnumarkaðshagfræði er meðal annars fjallað um jafnvægi á markaði fyrir vinnuafli, laun, ójöfnuð og fátækt. Því tengdu verða skoðuð atriði eins og áhrif verkalýðsfélaga, hvernig ójöfnuður er mældur og borinn saman milli landa og hvað hið opinbera getur gert til að draga úr fátækt.

Mögulega verða fyrirtæki heimsótt eða góðir aðilar fengnir í heimsókn.

Tímar verða í formi fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.

Námsmat: verkefni, próf og mögulega fleira.

Heilbrigðislína

LÍF3S050 Líffærafræði

Líffærafræði er undirstöðufag í öllum heilbrigðisgreinum. Í þessum áfanga verða kynnt helstu grunnatriði fræðigreinarinnar en mest áhersla er lögð á að nemendur læri að nota alþjóðlegt hugtakakerfi um gerð mannlíkamans. Farið verður í stoðkerfi, (bein, liðir, vöðvar) taugakerfi og síðan öll helstu líffærakerfi eftir því sem tími vinnst til. Góður valkostur fyrir þá sem ætla sér í háskólanám í heilbrigðisfræðum en er þó sérstaklega ætluð þeim sem hyggja á nám í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, sjúkrannuddi og skyldum greinum.

Námsmat: Símat og annarpróf.

EFN2G050 Efnafræði

Áfanginn er hugsaður sem undirbúningur fyrir frekara nám í heilbrigðisvísindum. Efnistösk áfangans eru allt frá atómkenningunni, samsetningu efnasambanda, eiginleikum efna, samsetningu stórsameinda og hlutverki efnisheimsins í ýmsum gerðum efna og boðskiptaferla. Efni áfangans spannar vítt svið efnafræðinnar og því er ekki farið djúpt í hvern efnisþátt fyrir sig.

Námsmat: Símat, verklegar æfingar og annarpróf.

LÍF3T050 Frumlíffræði

Í áfanganum er fjallað um grundvallaratriði í gerð og starfsemi fruma. Í fyrsta lagi er fjallað um gerð ósérhæfðra fruma, helstu frumulíffæri og hlutverk þeirra. Í öðru lagi er fjallað um helstu flokka lífrænna efnasambanda og efnaskipti frumunnar. Í þriðja lagi er fjallað um sérhæfingu fruma, helstu vefjagerðir og starfsemi sérhæfðra fruma með sérstakri áherslu á taugafrumur. Í fjórða lagi er fjallað um líffræðileg stýrikerfi á sameindastigi og í samhengi við tauga- og innkirtlakerfi. Veruleg áhersla er lögð á sameindalíffræði fruma og að sýna fram á samhengi milli afbrigðilegrar frumustarfsemi og sjúkdóma. Í lok áfangans eiga nemendur að geta gert grein fyrir helstu grundvallaratriðum frumulíffræðinnar og geta nýtt sér þá þekkingu við nám í skyldum námsgreinum.

Námsmat: Símat og annarpróf.

Íslenskulína - miðlun, mál og menning

1. ÍSM2A05 Handritasmiðja – leikrit/kvikmyndir

- Langar þig til að búa til kvikmynd, auglýsingu, tónlistarmyndband eða?
- Brennur þú í skinninu að skrifa leikrit og setja það á svið?
- Viltu læra að gera handrit?

Í þessum áfanga kynnst nemendur ólíkum hugmyndum rithöfunda um handritaskrif fyrir leiksvið og myndmiðla. Leitast verður við að fá starfandi höfunda til að kynna verk sín. Lögð er áhersla á að nemendur vinni jöfnum höndum að eigin handritum, skoði verk annarra og öðlist þekkingu á forminu. Í áfanganum gefst færi á að prófa fjölbreytta útfærslu á handritabútum í vinnslu, jafnt í tali og tónum. Í lok áfangans leggja nemendur fram afrakstur vinnu sinnar, t.d. fullbúið handrit, sviðsetningu handrits, stuttmynd, heimildamynd, auglýsingu...

Námsmat byggist á vinnuferli nemandans (50%) og á lokaafurð vinnunnar að jöfnu (50%).

2. ÍSM3A05 Hvernig tala Íslendingar? – Íslenska í nýju ljósi

- Eigum við að halda í sérstakt tungumál fyrir svona fámenna þjóð?
- Er það satt að málið sé að breytast og er það í lagi?
- Eru ensk áhrif kvikmynda, tónlistar og tölvuleikja að leggja málið í rúst?
- Nálgast sá tími að íslenska verði sparimál gamla fólksins?
- Er glæpur að sletta, bölvva á ensku eða segja mér langar og ég vill?

Í áfanganum er fjallað um íslenskt nútímamál í víðum skilningi. Beitt verður margvíslegum aðferðum þar sem nemendur kanna ólíka þætti tungumálsins og gera grein fyrir niðurstöðum sínum í ræðu, riti og með myndum á vefsíðu áfangans. Auk fyrirlestra kennara um efni og aðferðir verður leitast við að fá fyrirlesara til að fjalla um ólíka þætti nútímamáls og þróunar þess.

Námsmat: Verkefni og sjálfstæðar athuganir veða 40% en skriflegt lokapróf vegur 60%.

3. ÍSM3B05 Að sigra heiminn – íslensk menning og nútíminn

- Hvað er að gerast í íslenskum listaheimi?
- Er íslensk menning hallærisleg eða gjaldgeng í útlöndum?
- Hvernig gengur íslenskum listamönnum að koma sér á framfæri?
- Hvernig finnst þér framboð á menningu á Norðurlandi?
- Viltu kynna þér hvernig hvernig íslenskir listamenn starfa?

Í áfanganum er stefnt að því að nemendur kynni sér nútímamenningu eftir sem fjölbreyttustum leiðum. Þeir komist í samband við starfandi listamenn og fá að fylgjast með skapandi starfi þeirra og hvernig þeir koma sér á framfæri. Nemendur fá tækifæri til að velja sér rannsóknarefni sem þeir vinna að á önninni og kynna á ráðstefnu í annarlök. Þar verður brugðið upp sýn þeirra á nútímamenningu.

Námsmat byggist á ástundun (20%), lokaskýrslu (35%), frammistöðu á ráðstefnu (20%) og lokaprófi (25%).

Lista- og menningarlína

1. LIM2A050 Myndsköpun og listasaga

Kennsla áfangans tekur mið af að auka hæfni nemenda til að njóta, greina og meta ólíkar tegundir listgreina. Nemendur kynnist menningu og listum á ýmsum skeiðum sögunnar og tengi við listalíf í umhverfi sínu. Í þessum áfanga verður lögð áhersla á að nemendur kynnist tilurð myndverka. Kynnt verður mismunandi tækni, efni og aðferðir sem notaðar eru við listsköpun og nemendur vinna smærri verkefni því tengdu.

Námsmat: Verkefnavinna og lokapróf.

2. LIM3A050 Fagurfræði og listgreinar

Nemendur kynnist helstu kenningum í fagurfræði og mismunandi viðhorfum til lista. Þeir skoði ýmsa þætti listalífsins, t.d. myndlist, hönnun, handverk, ritlist, tónlist, dans og leiklist, hvern í samhengi við annan og við heimspekilegt og félagslegt umhverfi. Nemendur vinni verkefni í myndlist sem tengist stefnum eða straumum í listasögunni.

Námsmat: Verkefnavinna og lokapróf.

3. LIM3B050 Samtímamening

Nemendur kynni sér menningarumhverfi samtíma síns og kanni það í ljósi menningarsögu og fagurfræði. Nemendur sækja listviðburði heim í nærumhverfi, lýsi þeim, túlki og leggi á þá gagnrýnið mat. Nemendur vinna einnig á skapandi hátt að verkefnum sem taki útgangspunkt í þessum viðburðum. Vegna sókna á listviðburði eru aðeins 4 tímar af 6 í stundatöflu.

Námsmat: Vinnubók, verkefnaskil, skrifleg gagnrýni og mat á listviðburðum, fyrirlestrar og rökræður.

Spænskulína

Spænska er móðurmál um 380 milljón manna í 24 löndum og 5 heimsálfum og er því eitt útbreiddasta tungumál heims, eða annað mest talaða tungumálið á eftir kínversku. Útbreiðsla spænskunnar hefur verið hröð og spænskan er enn í mikilli sókn. Íslendingar ferðast mikið til spænskumælandi landa og viðskipti við spænskumælandi þjóðir hafa aukist. Því má með sanni segja að spænskunám, eins og annað tungumálanám, sé góður undirbúningur fyrir áframhaldandi nám og starf.

1. SPÆ1A050 - Spánn

Í þessum byrjunaráfanga er áhersla lögð á grundvallatriði spænskrar tungu og hagnýtt gildi hennar en sjónum einnig beint að menningu og siðum spænskumælandi landa. Nemendur eru kennt að bjarga sér á spænsku með því að æfa einföld samtöl. Notaðir eru fjölbreyttir kennsluhættir við alla fjóra færniþættina; hlustun, tal, ritað mál og lestur. Nemendur þjálfast í nokkrum grunnatriðum málfræðinnar, byggja upp orðforða og þjálfast í að tjá sig um sjálfa sig og sitt nánasta umhverfi. Í áfanganum er einnig varpað ljósi á menningu spænskumælandi landa með margvíslegu ítarefni s.s. tónlist og kvikmyndum.

Námsmat: Verkefni, próf og frammistaða á önninni (50%) og skriflegt lokapróf (50%).

2. SPÆ1B050 - Spánn og rómanska Ameríka

Í áfanganum er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Inn í kennsluna er fléttað umfjöllun um menningu og sögu spænskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatriði þjálfuð. Markmiðið er að nemendur öðlast þökkalega leikni og þekkingu til að bjarga sér í spænskumælandi landi. Nemendur vinna úr viðfangsefnum áfanganis á fjölbreyttan hátt og áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á menningu og staðhætti spænskumælandi landa og munu nemendur m.a. velja sér ákveðin umfjöllunarefni því tengd sem þeir kynna í áfanganum.

Námsmat: Verkefni, próf og frammistaða á önninni (50%) og skriflegt lokapróf (50%).

3. SPÆ2A050 - Þematengd verkefni og Barcelona

Í áfanganum er áhersla lögð á að nemendur öðlist betri skilning á töluðu og rituðu máli og að þeir geti tjáð sig á spænsku, munnlega og skriflega. Unnin verða þematengd verkefni t.a.m. um þekktu staði, einstaklinga, minnismerki, kennileiti, tísku, verslun, kvikmyndir og íþróttir með aðstoð upplýsingatækninnar þar sem hugmyndaauðgi nemenda fær að njóta sín. Í áfanganum er einnig stefnt að ferð til Barcelona og munu nemendur þá vinna að fjölbreyttum verkefnum um borgina; sögu, mannlíf og menningu í orðsins víðustu merkingu. Nemendur sjálfir bera kostnað af ferðinni.

Námsmat: Verkefni og frammistaða á önninni.

Sögulína

1. SAG 3A050 Menningar- og hugmyndasaga

Í áfanganum eru raktir helstu þættirnir í hinni samfelldu sögu menningar og hugmynda á Vesturlöndum. Ljósi verður varpað á ólík menningarsamfélög á hinum ýmsum tímum og áhrif þeirra á nútímasamfélög skoðuð. Þar sem viðfangsefnið í heild sinni er umfangsmikið og margbrotið verða valin svið innan sögunnar og á þau lögð sérstök áhersla. Þessi svið eru: Í fyrsta lagi klassísk menning Grikkja og Rómverja. Í öðru lagi miðaldamenning og kristindómur. Í þriðja lagi upplýsingin. Í fjórða lagi nútímamenning.

Námsmat: Gert er ráð fyrir umfangsmiklu símati í formi ritgerða, fyrirlestra og verkefna af ýmsu tagi á önninni, auk lokaprófs við annarlok.

2. SAG 3B050 Saga 20. aldar

Í áfanganum er tekinn til skoðunar sá tími sögunnar sem næst okkur liggur,- öldin 20.,- árin frá 1900 til 2000. Efnistöð og aðferðir áfangans mótast af viðfangsefninu. Í SAG 3B050 þurfa nemendur að vera vel læsir á hin ólíku birtingarform sögunnar og getað miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.

Kvikmyndir 20. aldar mynda hryggjarstykki áfangans, enda verður sýnd ein kvikmynd frá hverjum áratug aldarinnar.

Námsmat: Breytilegt milli anna. Þó skal miðað við að hlutur lokaprófs sé ekki minni en 40% af lokaekinnun og að nemandi þurfi alltaf að ná 45% af lokaprófi til að fá áfangann metinn.

Hluti þeirra verkefna sem nemendur vinna á önninni skal vera ritgerð þar sem eitt fyrirbæri 20. aldarinnar er tekið til ítarlegrar skoðunar.

3. SAG4C050 Saga Bandaríkja Norður-Ameríku

Fjallað verður um sögu Norður Ameríku, sérstaklega frá stofnun Bandaríkjanna 1776 til dagsins í dag. Farið verður um víðan völl, enda af nógu að taka. Reynt verður að nálgast efnið frá mörgum hliðum, t.d. út frá stjórnámum innanlands og utan, menningarsögu, áhrifum Bandaríkjanna á önnur lönd og hlutverki á vettvangi alþjóðamála og svo mætti lengi telja.

Námsmat: Verkefnavinna af ýmsu tagi á önninni.

Sálfræðilína

1. SÁL3H050 Almenn sálfræði

Í þessum upphafsáfanga eru viðfangsefni sálfræðinnar kynnt til sögunnar. Vísindagreinin sálfræði er bæði atferlis- og félagsvísindi og því hugað að ólíkum stefnun innan hennar. Minni og nám eru megin viðfangsefni sálfræðinnar og nemendur fá innsýn í helstu kenningar þar um. Hugræn sálfræði hefur verið að festa sig í sessi sem einn öflugasti stuðningurinn við þróun gervigreindar, farið verður yfir helstu umfjöllunarefni hennar. Nemendur kynnast helstu aðferðum við rannsóknir í sálfræði. Að lokum verður farið yfir hvernig hægt er að skýra sjálfsmynd og samskipti út frá sálfræðilegum þáttum.

Námsmat: Ritgerð, örrannsókn, tímaverkefni og lokapróf (60%).

2. SÁL3I050 Þroskasálfræði

Farið verður yfir þroskaferil mannsins með sérstaka áherslu á barnið frá fæðingu til unglingsára. Hugað verður að þætti fjölskyldu og umhverfis í mótun barnsins og þroska. Fjallað verður um helstu kenningar 20. aldarinnar um bernsku og þroska, til dæmis kenningar Piaget, greindarkenningar Gardners og Sternbergs og nokkrar kenningar um nám. Sérstaklega verða til umfjöllunar vitsmunapróska, félags-, tilfinninga- og málþroska, geðtengslamyndun og mótun sjálfsmynda. Litið verður lauslega á rannsóknaraðferðir þroskasálfræðinnar og nemendur kynna sér

helstu þroskafrávik og þroskahamlanir.

Námsmat: Um 40% símat, meðal annars ritgerð og þroskaathugun og 60% lokapróf.

3. SÁL3K050 Heilsusálfræði

Helstu raskanir á geði og persónuleika verða kynntar. Farið er yfir greiningarviðmið, sjúkdómavæðingu og samfélagsbreytingar sem gætu ýtt undir raskanir. Persónuleikinn, þróun hans og áhrif áfalla á fólk verða skoðuð svo og jákvæðir þættir sem geta viðhaldið góðri geðheilsu. Hugað verður að aðstæðum og atburðum sem hafa afgerandi áhrif á andlega heilsu og lífsgæði manna. Meðferð raskana og möguleg lækning skoðuð. Mismunandi skýringar á eðli og orsök geðsjúkdóma verða kynntar sem og áhrif vímugjafa á sálarlífið.

Námsmat: Um 40% símat, (verkefni og athuganir) og 60% lokapróf.

Þýskulína (fyrir þá nemendur sem völdu frönsku sem þriðja tungumál).

Þýska er töluð í Þýskalandi, Sviss og Austurríki og er auk rússnesku algengasta móðurmál Evrópubúa. Íslendingar eiga í miklum samskiptum við þessi lönd á sviði viðskipta, vísinda og menningar svo eitthvað sé nefnt og margir Íslendingar lifa og starfa þar. Ennfremur sækja sífellt fleiri ungir Íslendingar til Berlínar, höfuðborgar Þýskalands, til framhaldsnáms eða í tengslum við ýmsar listgreinar og góðir íþróttamenn fá í auknum mæli atvinnutækifæri í öllum þessum löndum. Stór hluti erlendra ferðamanna til Íslands er þýskumælandi og kunna menn vel að meta hve margir hér á landi reyna að tjá sig á þýsku. Þýska er ekki svo frábrugðin íslensku hvað varðar framburð, málfræði og orðaforða og gengur Íslendingum því ágætlega að skilja og tala málið.

1. ÞÝS1A050

Áfanginn er byrjunaráfangi og megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur fá innsýn í menningu og staðhætti Þýskalands, Sviss og Austurríkis og kynnast samskiptavenjum og siðum í samanburði við Ísland.

Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í færniþáttunum tali, hlustun, ritun og lesskilningi. Áhersla er lögð á framburð, grunnatriði málnotkunar og uppbyggingu orðaforða sem tengist nemandanum og hans nánasta umhverfi.

Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og tileinka sér árangursríka námstækni.

Námsmat: Símat 40% og lokapróf 60%.

2. ÞÝS1B050

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Menningu, staðhættum og siðum þýskumælandi landa er fléttað inn í kennsluna og lögð áhersla á viðeigandi samskiptavenjur.

Nemendur eru áfram þjálfaðir í færniþáttunum tali, hlustun og ritun ásamt lesskilningi. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Auk þess er nemendum leiðbeint í notkun orðabóka og annarra hjálpargagna.

Gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og árangursríka námstækni.

Námsmat: Símat 40% og lokapróf 60%.

3. ÞÝS1C050

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er lögð áhersla á að efla menningarvitund nemenda og staðhættum og siðum þýskumælandi landa er fléttað inn í kennsluna og áhersla lögð á viðeigandi samskiptavenjur. Nemendur eru áfram þjálfaðir í færniþáttunum tali, hlustun og ritun, jafnframt eru gerðar meiri kröfur um að þeir tileinki sér fjölbreyttan orðaforða með lestri lengri texta. Ný og flóknari málfræðiatríði eru tekin fyrir.

Gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð nemanda og árangursríka námstækni.

Námsmat: Símat 50% og lokapróf 50%.